

4. 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
5. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1987 og 2. gr. laga nr. 64/1989.
6. 16. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.
7. 1. mgr. 60. gr. sjómannaalaga, nr. 35/1985.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Þorsteinn Pálsson.*

## L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni um-sögn eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins og í samráði við heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra, að setja reglugerð um innflutning, sölu, notkun, örugga meðhöndlun og förg-un eiturefna og hættulegra efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jóhanna Sigurðardóttir.*